

Ársskýrsla Drafnarhúss 2015

Drafnarhús er staðsett við Strandgötu 75 í Hafnarfirði. Rekstraraðili er FAAS og Hafnarfjarðarbær útvegar húsnæðið undir starfsseminum. Umsóknir um sérhæfða dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun er í umsjón minnismóttökunnar á Landakoti. Leyfi er fyrir 20 einstaklinga daglega.

Starfssemin

Þjálfunin miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Boðið er upp á mat á heilsufari, þjálfun, virkni, aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda. Aðstoð við ADL miðast við að viðhalda getu og virkni skjólstæðings eins og kostur er með hans eigin þátttöku. Einstaklingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri.

Starfsmenn

Í lok árs 2015 störfuðu sjö starfsmenn í Drafnarhúsi í 6,6 stöðugildum. Starfsstéttir eru hjúkrunarfræðingur, tveir sjúkraliðar, þjóðfræðingur, þroskaþjálfari og tveir ófaglærðir starfsmenn.

Starfsdagar eru þriðja hvern miðvikudag í mánuði frá 13:30–16:30. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfseminum og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr. Starfsfólkið fór í námsferð til Finnlands á vordögum, heimsóttar voru sérhæfðar dagþjálfanir fyrir einstaklinga með heilabilun og hjúkrunarheimili fyrir einstaklinga með heilabilun. Starfsfólk sótti fræðslu heilabilunareiningar á LSH og fór einnig á skyndihjálparnámskeið hjá Rauða kross Íslands.

Aðkeypt þjónusta

Læknisþjónusta kemur frá Landakoti, Björn Einarsson öldrunarlæknir kemur vikulega og Jón Snædal hefur leyst hann af í fríum. Hægt er að hafa samband við lækni þess á milli ef þörf krefur.

Skjólstæðingum stendur til boða flutningur milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar dag hvern. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn og nýttu flestir sér þjónustuna, en nokkrir aðstandendur hafa þó séð um akstur fyrir ástvinum sínum. Einn skjólstæðingur fékk akstursþjónustu með hjólastólalabíl frá Strætó.

Fótaaðgerðafræðingur kemur reglulega og greiða skjólstæðingar sjálfir fyrir kjósi þeir að nýta sér þjónustuna. Ræstingafyrirtækið Hreint sér um þrif á húsnæði tvo daga í viku. Hádegismatur er aðsendur frá Matborðinu. Tíu skjólstæðingar fengu sjúkraþjálfun hjá Sjúkraþjálfaranum sem er staðsettur í sama húsi og Drafnarhús.

Stuðningur við fjölskyldu

Fjölskyldufundir eru haldnar með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur fyrir miðlun upplýsinga varðandi skjólstæðinga. Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili og er þeim veittur stuðningur og aðstoð við umsóknarferlið. Skjólstæðingur er aldrei útskrifaður vegna hjúkrunarþyngdar.

Húsnæði

Húsnæðið hentar vel undir starfssemi eins og dagþjálfun, lögð er áhersla á að umhverfið sé heimilislegt og hlýlegt. Hafnarfjarðarbær greiðir leigu á húsnæði. Gólfefni er verulega slitið og þarfnast lagfæringar, sjá nánar í fyrri ársskýrslum.

Heimaþjónusta (heimahjúkrun og félagsleg þjónusta)

Aðstoð sem veitt er af heimaþjónustu er m.a. aðstoð við athafnir daglegs lífs, eftirlit og stuðningur, eftirlit með lyfjagjöfum og næringu. Af 48 skjólstæðingum voru 23 með heimaþjónustu af einhverju tagi (morgun-, kvöld- og/eða helgarþjónustu) og allflestir voru með aðstoð við þrif á heimili.

Gjafir

Lionsklúbburinn Ásbjörn í Hafnarfirði færði Drafnarhúsi fjármuni til kaupa á margskonar búnaði fyrir starfssemina. Má þar nefna stóran flatskjá, myndavél og myndavélabúnað, hátalara fyrir tölvubúnað og ýmislegt fleira.

Lokaorð

Meðalbiðtími eftir að komast að í Drafnarhúsi var 1,6 mánuður, sem er óvenju stuttur tími. Innskriftir á árinu voru 22 einstaklingar og þess má geta að 17 innrituðust fyrstu þrjá mánuði ársins og tæmdist biðlistinn. En staðan breyttist fljótt og í lok árs 2015 voru 37 einstaklingar á biðlista eftir dagþjálfun í Drafnarhúsi.

Af þeim 23 sem útskrifuðust létust þrír, níu fóru á sjúkrahús í biðpláss og síðan á hjúkrunarheimili, fjórir fóru í hvíldarinnlögn og gátu ekki útskrifast aftur heim og fóru því í biðpláss á LSH en tveimur líkaði ekki að vera í dagþjálfun. Í ár voru óvenju fáir sem fóru beint á hjúkrunarheimili frá Drafnarhúsi, eða aðeins fimm einstaklingar og óvenju margir fóru í biðpláss á sjúkrahús. Ástæðan gæti verið sú að erfitt hefur verið að fá heimahjúkrun í Hafnarfirði, bæði morgun og kvöldþjónustu. Árið 2013 fengu 66% heimaþjónustu, 2014 voru það 56%, en árið 2015 aðeins 48%.

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifast hefur styst milli ára, sex einstaklingar sem innrituðust á árinu útskrifuðust líka. Það gefur vísbendingu um að hjúkrunarþyngd sé meiri. Þeir fimm einstaklingar sem fóru beint á hjúkrunarheimili fóru á Hrafnistu í Hafnarfirði, Stykkishólm, Mörk, sambýlið Laugaskjól og Ísafold.

Athyglisvert er að hlutfall kvenna hefur breyst milli ára, mun fleiri konur voru innskrifaðar árið 2015 en áður, eða 62,5%. Heldur fleiri karlmenn voru umönnunaraðilar heldur en konur, sem er breyting frá fyrri árum.

Sjá meðfylgjandi tölulegar upplýsingar milli ára.

Hafnarfjörður 18. febrúar 2015

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur

forstöðumaður Drafnarhúss

Tölulegar upplýsingar milli ára

Árið	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	48	43	53	44
Innskriftir	22	18	27	20
Útskriftir	23	17	28	18
Meðalbiðtími eftir innskrift	1,6 mán	5,7 mán	5 mán	8 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	12 mán	14,2 mán	18,9 mán	17,7 mán
mest	32,7 mán	48 mán	84 mán	64 mán
minnst	1,3 mán	1,5 mán	½ mán	1 mán
Meðalaldur	79,8 ár	79,3	81,4	81,5
aldursbil	59-94	58-93	57-92	58-91
Konur	30	23	23	23
Karlar	18	20	30	21
Búa með maka/börnum	27/48 (4/48)	28/43	32/53	31/44
Búa einir	17/48	15/43	21/53	13/44
Fá heimaþjónustu (hjúkrun og/eða félagslega þjónustu)	23/48	24/43	35/53	24/44
Liðveisla	0	0	0	1
Aðstoð við böðun í Drafnarhúsi	29/48	31/43	40/53	ekki athugað
Aðstoð við lyfjagjafir í D.húsi	18/48	18/43	14/53	ekki athugað
Fóru í hvíldarinnlögn	15 í 17 innlögnum	19 í 24 innlögnum	22 í 28 innlögnum	20
Samtals mán í hvíldarinnlögn	12 mán	18,5 mán	24,2 mán	15 mán
Notfæra sér akstursþjónustu	39/48	40/43	46/53	39/44
Fengu Færni- og heilsumat	18/48	15/43	22/53	?/44
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	1,9 mán	28 dagar	2,2 mán	ekki athugað
Sjúkrahúsinnlagnir	22 innlagnir (19 skjólst.)	14 innlagnir (11 skjólst.)	29 innlagnir (21 skjólst.)	13 innlagnir (12 skjólst.)
Samtals	9,7 mán	7,6 mán	14,6 mán	7,3 mán
Útskrift á spítala - biðpláss	9	3	3	3
Andlát (heima eða á spítala)	3	0	2	2